



Reglugerð líknarsjóðs Afls - Starfsgreinafélags

Efnisyfirlit

<i>Reglugerð líknarsjóðs Afls - Starfsgreinafélags</i>	1
I. kafli: Heiti sjóðsins og hlutverk	3
1. gr. Nafn sjóðsins.....	3
2. gr. Hlutverk	3
II. kafli: Fjármál.....	3
3. gr. Stofnfé.....	3
4. gr. Tekjur	3
5. gr. Sjóðsávöxtun.....	3
III. kafli: Stjórn	3
6. gr. Skipting stjórnar.....	3
IV kafli: Úthlutun styrkja.....	4
7. gr. Styrkir	4
V kafli: Breyting á reglugerðinni	4
9. gr. Reglugerðarbreytingar.....	4
VI kafli: Slit sjóðsins	4
10. gr. Slit	4

I. kafli: Heiti sjóðsins og hlutverk

1. gr. Nafn sjóðsins

Sjóðurinn heitir Líknarsjóður AFLs - Starfsgreinafélags

2. gr. Hlutverk

Hlutverk sjóðsins er að styðja við bakið á félagsmönnum AFLs - Starfsgreinafélags eða fjölskyldum þeirra, sem lent hafa í stórfelldum skakkaföllum og / eða alvarlegum og langvarandi veikindum.

II. kafli: Fjármál

3. gr. Stofnfé

Stofnfé sjóðsins er 1 milljón króna, sem greidd var úr félagssjóði AFLs í kjölfar aðalfundar 2005.

4. gr. Tekjur

Reglubundnar tekjur sjóðsins skulu vera sem hér segir:

- Hlutfall af félagsgjöldum og skal hlutfallið ákveðið af stjórn félagsins og kynnt á aðalfundi ár hvert. Miðað skal við að framlagið sé aldrei hærra en 10% af rekstrarafgangi félagssjóðs næstliðið ár.
- Vaxtatekjur og annar arður.
- Gjafir, framlög og styrkir.
- Aðrar tekjur sem aðalfundur félagsins kann að ákveða hverju sinni.

5. gr. Sjóðsávöxtun

Ávöxtun sjóðsins skal vera sem hér segir:

- Í ríkisskuldabréfum eða skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
- Með kaupum á markaðsskráðum verðbréfum.
- Í bönkum eða sparisjóðum.

III. kafli: Stjórn

6. gr. Skipting stjórnar

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum, formanni, ritara, meðstjórnanda og tveimur til vara. Aðalstjórn AFLs - Starfsgreinafélagsskipar í stjórnina til eins árs á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund félagsins ár hvert. Formaður AFLs - Starfsgreinafélagseða varaformaður skal vera einn þriggja aðalmanna í stjórn. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á öllum fjárreiðum sjóðsins og veitir styrki úr honum sbr. 7. grein.

IV kafli: Úthlutun styrkja

7. gr. Styrkir

Stjórn býr til úthlutunarreglur úr sjóðnum og veitir styrki úr honum. Hafa skal til hliðsjónar fjárhagsstöðu sjóðsins, en miða við að styrkir séu veittir a.m.k. einu sinni á ári, þó þannig að ekki gangi á höfuðstól sjóðsins. Úthlutunarreglur skulu teknar til afgreiðslu félagsstjórnar AFLs - Starfsgreinafélags og hljóta samþykki hennar.

Úthlutunarreglurnar skuli kynntar öllum félagsmönnum og vera þeim aðgengilegar.

V kafli: Breyting á reglugerðinni

9. gr. Reglugerðarbreytingar

Breytingar á reglugerðinni verða aðeins gerðar á aðalfundi félagsins og þurfa þær að hljóta samþykki meirihluta fundarmanna.

VI kafli: Slit sjóðsins

10. gr. Slit

Sjóðnum verður einungis slitið á aðalfundi. Fyrirhuguð slit skulu koma fram í fundarboði og hljóta stuðning a.m.k. 3/4 greiddra atkvæða.

Þannig samþykkt á stofnfundi félagsins 28. apríl 2007.